

LEIFUR.

3. ár.

Winnipeg, Manitoba, 12. marz 1886.

Nr. 40

Vikublaðið „LEIFUR“ kemur út á hverjum föstudag og forfallalaus. Argangurinn kostar \$2.00 í Ameríku, en 8 krónur í Norðurlöndum. Stúluna einn áttundi. Upplag á blaðinu gildir ekki, nema með 4 mánaða fyrirvara.

FRJETTIR UTLENDAR.

Úr bréfi af Ekkifirði 16. des.

Helstu frjettir hjedán eru góð sildarvei í Reyðarfirði og hafa þessir haft stórutgjörðir og aflað sem hjer skal greina: Carl D. Tulinius um 2000 tonn; Randulf & Co. 1200; Johnson 1200; Lehmkuhl og Bakke 1600; Sundfór 600 tonn.

Einnig hefir frjettzt með vissu að Fríðrik Wathne sje búinn að fá 1600 tonn á Fáskrúðfirði.

Svo hafa og bændur á inn-veit Reyðarfjarðar fengið töluverðan netjaafna, allmargir þeirra frá 40 60 tonn. og einn hefir fengið um 150 Verð á sildinni hefir verið við verzlaur hjer 6 kr. stókkunum af henni blautri, en 12 kr. selt uð með trje.

Veði þessi hefir komið í góðar þarfir, því að fiskiafli hefir alveg brugðizt hjer það sem af er vetri, enda hafa ógæstir opt hindrað sjáfar út hald, einkum utarlega í firðinum.

Seyðisfirði. 28 desember.

Tíðarfar hefir verið óstíðugt, en mjög milt. sjaldan komið mikil frost það sem af er vetrinum. Fyrir jólin voru stórmiklar hlákur af súð vestri, 10 stiga hiti á Reamur 2 daga í seinn Byggðir eru nú víða sumaraudar og til fjalla hefir snjóinn þynnt mikið. Í sumum sveitum, t. d. á Upphjerði og Fjörðum gengur allt sje og hestar enn úti og hefir því ekkert enn verið gefið. Á Úthjerði var orðið hart áður en hlán aði fyrir jólin, hestar víðast komnir í hús og magrir orðuir, og allvíða farið að gefa fullorðnu sje til nokkura muna.

Aðalast bæði af fiski og sild er alstaðar á Austfjörðum, nema á Fáskrúðfirði og Reyðarfirði, þar sem næg sild kváð vera, en sökum ógæsta og storma hefir hún ekki náðst nýlega í nætur. Gufuskipin norsku ganga nú stöðugt hingað eptir henni. Agnar fór hjedán 27. þ.m. alfermdur af sild. Á Reyðarfjörð kom gufu-kip frá Bergen rjett fyrir jólin til að sækja sild, og í janúarmánnði er þegar von á einu eða tveimur skipum enn.

Það leit illa út með vorubýgðir hjer í haust, en nú er þegar svo úr því bætt, að nauðsynja-vörur varða að áltæst nægar til vors, enda kemur einatt í hverri ferð nokkuð af matvöru með þessum nor-sku skipum.

Í Hjerðinu hefir gengið mikið á með funda höld það sem af er vetrinum. Eru menn að stofna þar þöntunarsjelög til að geta framvegis verzláð sjer sem hagnaðlegast og fengið sem ódýr-astar vörur. Hafa fundir verið haldnir í hverri sveit og svo aðalfundur þess á milli. Í stjórni þessa þöntunarsjelags höfum vjer heyrð að konur hafi verið þorvarður lækur Kjerulf á Ormarsstöðum. Guttormur skólastjóri Vilfússon á Eyðum og Jón Bergsson í Vallanesi (Austri).

Það er almælt að Gladstone muni ekki á þessu þingi koma fram með frumvarp um inn-lenda löggjafarstjórni á Írlandi. Hefi hann upp á síðkastið komist að svo miklum óvilja fylgjenda sinna í þannig löguðu frumvarpi, að hann treysti sjer ekki að koma með það, en í þess stað, heldur hann áfram með hjer írsku landkaupamáli; hef-

ir fengið loford Salisbury-sinna um fylgd þeirra í því máli, hvað þá sinna eigin fylgjenda. Með því að draga hjer írsku þingmál til næsta árs, hefir karl sætt alla sína fylgjendur, og gjört þá einhuga, er áður voru hvarflandi. Hafa þeir allir samþykkt að fylgja honum á næsta þingi þegar hann kemur fram með þetta mikilvæga spursmál um stjórnbót á Írlandi. Parnell kváð vera ánægður með þetta fyrirkomulag; hefir frá upp-hafi látið í ljósi, að ekkert lægi á. Geta menn til, að honum gangi ekki góðmennska til, heldur sje hann svo högvær vegna þess að hann býst eins vel við falli Gladstone's-stjórnarinnar þegar til atkvæða kemur í málinu, ekki stzt, ef undir eins væri tekið til þess, en hefir þegar fengið sönnun fyrir að Salisbury-flokkurinn gæfur Írland-ingum aldrei hina eptir þraun stjórnbót. Þess vegna er það hans hagar að málið sje rétt um nokkurn tíma, áður enn frumvarpið verður lagt fyrir þingið, svo það komi þingmönnum ekki á óvart hvað gjöra skal. — Fregnir frá Oraniamanna hjerndum á Írlandi, einkum Ulster, segja hina konunghollu Íra vera að búa sig nú í innan-landsstríðið, sem verði sjálfsgætt, ef Írar fá löggjafarþing í Dublin. Er mælt að 50000 manna sje nú þegar reiðubúnar að hefja hergönguna á móti land „league“ mönnum, og að daglega fái forsprakkarnir brjef fra Englendingum, sem bjóði þeim bæði sje og menu þegar til komi.

Landkaupamálið er annars hið mest mark-verða mál, sem nú er fyrir þingi Breta. Það er ekki einungis hjer írsku landkaupamál sem um er að gjöra, heldur eru einnig stórkostlegar breyt-ingar á leiðinni, viðvíkjandi landkaupum og sölu bæði á Englandi og Skotlandi. Það virðist vera kappmál fyrir báðum stjórnflokkunum á Eng-landi, að gjöra sem mest til þess að gjöra jörð-ina að alþýðu eigu, þó flokkarnir gangi nokk-uð ólíkt til verka. Frumvarp hefir útlega verið lagt fyrir þingið viðvíkjandi landkaupum á Eng-landi, sem þegar hefir fengið hylli beggja flokk-anna; það hnegist mest í þá átt, að gjöra land-kaup og landsölu sem auðveldasta og fyrirhafnar-minnsta, og um leið mikið ókostbærari heldur enn verið hefir.

Vegna sífeldra fregna um kapprikiserfingja á Frakklandi, með að auka fylgjenda flokk sinn, hefir þingið kjörið nefnd manna til að rannsaka það mál og komast eptir hvað þeim verði ágengt í að ná hylli alþýðu, og sjerstaklega herhofd-ingjanna, sem heyrzt hefir, að ekki sje lýðveldis-stjórnmuni eins hollir og skyldi.

Reikningar yfir tekjur og útgjöld sýningarinnar, sem haldin var í París árið 1878 hafa nýlega verið lagðir fyrir þingið, og sýna að útgjöldin voru 22 milj. franka meiri enn inntektirnar.

Það er komið upp úr kafinu að hin franska stjórni eða einhverjir franskir auðmenn hafa fjölda af njónarmönnum um allt þjóðverjaland til að komast eptir hvernig herbúnaður þjóðverja er, og fá uppdætti af virkjum og hergagnabörum.

Frá Balkanskaganum koma engar greini-legar fregnir. Annað slagid koma fregnir um sátt og samlyndi, og að fríðasamningar milli Serba og Bulgara sje samþykktir, en jafnframt koma stöðugt fregnir um liðsauka í báðum þess-um ríkjum. Hinar síðustu fregnir segja Bulgari hafa skipað nokkrar herdeildir af eystri-Rúmelíu-mönnum, að halda af stað til landamæra Serba, einuig að Alexander prins sje sjálfur ferðan-pangað. Það eitt er víst, að her Serba hefir staðið vígbúinn á landamærunum nú í fulla viku. Bússar heimta að stórveldafundur verði kallaður saman í Berlín til að ljúka samningunum milli Bulgariu og eystri-Rúmelíu.

Ófriðar kváð vera von á milli lýðveldaríkja-anna, Argentine og Uruguay, í Suður Ameríku. Ráðherrar og fulltrúar Uruguay-stjórnarinnar eru um það bil að hverfa heim til sín, frá Bue-nos Ayres.

Meiri hluti nefndar þeirrar er hin franska stjórni sendi til Panama til að skoða þau mikla skurð De Lesseps, kváð vera á þeirri sköðun, að ef hann fái þær 660 milj. franka, sem hann hefir beðið um, þá muni skurðurinn bóinn og sjer hafsskipum árið 1888 eins og í fyrstu var ákveð-ið, þó með því að hætta við að grafa hann allan svo djúpan, að straumur fari eptir honum í að-falli. Með þessum 660 milj. má gjöra hann skipgeugan einungis með flóðlokum hjer og þar. Aftur á móti eru tveir eða þrír menn, svo mjög á móti frekari fjárfraðslu, að líkast þykir að stjórni verði röð að verða við bön De Lesseps. Einkum eru það orð Armands Rousseau, sem stjórni leggur trúnað á; er hann einn af ráðgjöf-um stjórnarinnar, og einn hinn mesti verkfræð-ingur á Frakklandi; hafði honum litist allt annað en vel á þar á grandanum. Svo er loptslag óheil-næmt á eiginu að 14.600 verkamenn deyja þar að meðaltali á ári hverju, af þeim er vinna við skurðinn.

FRA BANDARIKJUM.

Kínverska spursmálið í Bandaríkjunum ser að verða ærið stórt, stærra en margir hugðu, þegar þeir töluðu hettilega um hina illu með-ferð Kínv bæði í haust og vetur, þá er er-víst að margir hafa ekki athugað skuldbindingu ríkjauna við Kínastjórni eða hverjar afleiðingar ar mundu verða þegar þeir með þógninni sam-sinntu, ef ekki hjálpuðu til að troða Kínv undir fótum sjer, svipta þá eignum þeirra og myrða þá. Í hinum upprunalegu verzlunarsamningum Bandaríkja og Kína sem samdir voru árið 1868 stöndur þessi grein:

„Kínverskir þegar í Bandaríkjunum skulu vera aðnjótandi allra hinna sömu rjettinda, hvert heldur á ferðalagi eða heimili sínu, eins og þegar ríkjauna eða þegar hinna mest metnu vina þjóðar.“

Ög í viðbætinum, sem gjörður var við fyrr greinda samning árið 1881, er þessi grein:

„Ef kínverskir daglanamenn eða Kínv, í einhverri annari stöðu, bændi innan takmarka Bandaríkja, verða fyrir áreitni eða illri meðferð af hálfu annara manna, þá skal stjórni Band-áríkja beita öllu sinu valdi til að vernda þá.“

Svo er sagt í grundvallarlogum Bandaríkja, að „allir samningar við erlendar þjóðir sjeu jafn gildi hinna æðstu laga ríkjauna“, og eptir því að dæma hafa þau verið brotin daglega, ekki einungis af þeim, s m veitt hafa Kínv, árásir, heldur einnig af stjórniinni sjáfrí, enda er henni nú ekki farið að litast á bliku þá, sem er að drag upp í austri. Stjórni er sem sje orðin hrædd um þegna sín í Kína, enda eru þeir þar ekki svo fáir, einkum í Canton og þar í greind. Hún er hrædd um að eins verði farið með þá og fari var með Kínv, á Kyrrahafströndinni í vjetur; verði reknir með byssustingjum út úr hús-um sínum og frá öllu sínu, og skipað að hafa sig á brott án frekari umsvifa. Er ótti sá byggð-ur á hraðfrjett fra hjeradstjórnum í Canton til ráðherra Kína í Washington, dags. 25. f. m. Kvæst hjeradstjórni í Canton hafa fengið fregn-ir um ógurlega illa meðferð á Kínv í Bandarík-junum; segir Cantoubúa í heild sinni uppþæga og hóti að fara eins með Baudamenu þar, spyr